

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 103/2010

frá 1. október 2010

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2010 frá 2. júlí 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/40/EB frá 6. maí 2009 um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/40/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 96/96/EB ⁽³⁾ en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Textinn í lið 16a (tilskipun ráðsins 96/96/EB) í XIII. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32009 L 0040**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/40/EB frá 6. maí 2009 um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra (Stjtið. ESB L 141, 6.6.2009, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/40/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 43, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 21.10.2010, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 141, 6.6.2009, bls. 12.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 46, 17.2.1997, bls. 1.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.